



Fundur háskólaráðs 14. maí 2002

Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 06.05.2002
Dags: 14.05.2002

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (600169 2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4302/4303/4041
Fax: 525 4038

10/2002

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, þriðjudaginn 14. maí var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.

Mættir voru: Páll Skúlason, Ármann Höskuldsson, Oddný G. Sverrisdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Guðmundur G. Haraldsson, Baldvin Þór Bergsson, Peter Holbrook og María Guðmundsdóttir.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram stefna Háskóla Íslands til ógildingar á úrskurðum kjaranefndar frá 8. maí 2001 og 12. febrúar 2002, um aukastörf prófessora í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands við MBA nám, ásamt bréfi lögmanns til Héraðsdóms Reykjavíkur.
- 1.2 Lagður fram ársreikningur Rannsókn- og háskólanets Íslands hf., ásamt fundargerð aðalfundar og skýrslu stjórnar.
- 1.3 Lögð fram dagskrá 7. háskólafundar sem haldinn verður fimmtudaginn 23. maí 2002.
- 1.4 Lögð fram álitserð Gests Jónssonar hrl. og Harðar F. Harðarsonar hrl. um tilfærslu úr kennsluskyldu í rannsóknaskyldu háskólakennara við 55 og 60 ára aldur, ásamt álitserð Daggar Pálsdóttur hrl.
- 1.5 Lagt fram bréf frá Ingvari Árnasyni, dags. 30. apríl 2002, um fyrirvara á réttmæti kennsluskyldu hans.
- 1.6 Lagt fram bréf frá Samstarfsnefnd háskólastigsins, dags. 13. maí 2002, til Stefáns Baldurssonar skrifstofustjóra menntamálaráðuneytisins þar sem fram kemur að á fundi samstarfsnefndarinnar hafi verið fjallað um tengsl GATS og æðri menntunar.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Erindi rektors til háskólaráðs um Vísindagarða í Vatnsmýrinni.
Erindi rektors til háskólaráðs um að skipuð verði verkefnisstjórn þriggja manna sem í samvinnu við rektor leggi á ráðin um hvernig hraða megi undirbúningi byggingar Vísindagarða í Vatnsmýrinni. Í verkefnisstjórninni sitji Hörður Sigurgestsson, Ingjaldur Hannibalsson og Stefán Ólafsson.
- Samþykkt samhljóða.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Viðbótarsamningur H.Í. og LSH, ásamt fylgiskjölum og tillögum að reglum sem nauðsynlegt er að setja í tengslum við samninginn.
Rektor gerði rækilega grein fyrir framlögðum drögum að viðbótarsamningi H.Í. og LSH, dags. 13. maí 2002, og stöðu samningaferlisins. Málið var rætt ítarlega. Rektor gerði grein fyrir að hann myndi væntanlega undirrita samninginn á ársfundi Landspítala-háskólasjúkrahúss 16. maí nk., með fyrirvara um samþykki háskólaráðs. Óskað er eftir að

álit heilbrigðisvísindadeilda á samningsdrögum verði lagt fram á næsta fundi.

3.2 Formlegt gæðakerfi Háskólans.

Rektor gerði grein fyrir fyrirbyggjandi drögum að formlegu gæðakerfi Háskólans. Drögin fara í frekari vinnslu og verða lögð fram að nýju á fundi ráðsins 14. júní nk. og stefnt er að því að gæðakerfið verði afgreitt á seinasta fundi ráðsins fyrir sumarfrí 26. júní nk.

3.3 Ársreikningur Háskóla Íslands.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar háskólaráðs, og gerði grein fyrir ársreikningi Háskóla Íslands fyrir árið 2001. Í máli Ingjalds kom m.a. fram að rekstur Háskólans árið 2001 hafi almennt verið í góðu jafnvægi, en þrjár deildir voru reknar með halla. Við árslok var staða Háskólans við ríkissjóð jákvæð um 27 m.kr. Þá gerði Ingjaldur grein fyrir framlögðum drögum að fjárhagsáætlun fyrir 2002. Gerir áætlunin ráð fyrir að allar deildir utan ein muni skila halla á yfirstandandi ári og munar þar mestu um að ríkisvaldið hefur ekki fengist til að hækka hámark nemendafjölda og viðurkenna raunverulegan launakostnað í kennslusamningi. Málið var rætt og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.

3.4 M. Paed. próf í raunvísindadeild (lagt fram á síðasta fundi).

Erindi raunvísindadeildar um að ráðið staðfesti að heimilað verði að taka upp nám til M. Paed. prófs í fræðigreinum deildarinnar var samþykkt einróma.

3.5 Drög að heildaráætlun fyrir Háskóla Íslands.

- Málið verður á dagskrá áfram.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 16.45